

Ár 2025, föstudagur 3. október 2025, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málinu nr. 1/2025.

## **Mótstjórn Íslandsmóts golfklúbba – 3. deild karla 2025**

### **Gegn**

### **Birni Öder Ólasyni og Guðna Fannari Carrico**

Þann 21. ágúst 2025 barst aganefnd GSÍ kæra frá mótsstjórn Íslandsmóts golfklúbba, 3. deild karla, sem haldið var á Sauðárkróki 16. – 17. ágúst 2025 á hendur Birni Öder Ólasyni og Guðna Fannar Carrico vegna meints agabrots á síðari degi mótsins. Í kæru eru kærðu gefið að sök óíþróttamannsleg framkoma með óviðeigandi hegðun kærðra og ákall um að tekið yrði á framkomu þeirra sem ekki væri við hæfi vegna ölvunarástands.

Sama dag og kæran barst aganefnd, barst aganefnd afrit af tölvupósti sem ákærðu sendu 21. ágúst til formanns Golfklúbbs Sauðárkróks, Aldísar Hilmarsdóttur og Rafns Inga Rafnssonar, sem var dómari í umræddu móti, svohljóðandi:

„Við viljum koma til ykkar afsökunarbeiðni á hegðun okkar beggja um helgina. Við gerum okkur grein fyrir þeirri frábæru vinnu sem mótshaldarar og starfsmenn klúbbsins lögðu á sig til að skila bæði frábærum golfvelli og góðri umgjörð í kringum mótið allt og hörmum við að hafa sett svartan blett á frábært mót.

Einnig erum við miður okkar að hafa valdið liðsfélögum okkar vonbrigðum og öllum þeim sem hafa stutt okkur síðustu ár.

Við höfum fengið mörg símtöl og heyrt margar stórlega ýktar sögur um það sem átti að hafa gerst hjá okkur úti á velli. Ef það verða eftirmálar og gerð greinargerð um hegðun okkar þætti okkur vænt um að talað yrði við meðspilara og að staðreyndir væru á hreinu í því máli. Að því sögðu er enginn vafi á að hegðun okkar var engum til sóma og erum við ekki að skyggja á þá staðreynd.

Að lokum viljum við segja að við erum staðráðnir því að skoða okkar mál og sjá til þess að við verðum golfíþróttinni og öllum sem að henni koma til sóma í framtíðinni.“

Aganefnd tók kærana fyrir þann 3. september 2025 og var niðurstaðan sú að nokkuð vantaði upp á að innsend gögn uppfylltu formreglur 7. gr. reglugerðar um aganefnd sem samþykkt var af stjórn GSÍ 11. apríl 2022 og fjallar um kæru og form kæru. Ákvað nefndin að gefa kærendum frest til 10. september til að skila inn viðeigandi gögnum. Var tilkynning þess efnis sent kærendum þann sama dag. Nefndinni barst svar frá kærendum þar sem bætt hafði verið úr formi kærunnar þann 9. september. Í framhaldi tók nefndin ákvörðun um að taka kærana til efnislegrar meðferðar og var ákærðu send kæran ásamt fylgigögnum í tölvupósti þann 12. september og voru þeir beðnir um að staðfesta móttöku þess. Björn Öder staðfesti móttökuna þann sama dag og Guðni daginn eftir, þ.e. 13. september. Var ákærðu gefinn kostur á að halda uppi vörnum í málinu innan 14 daga frá dagsetningu tölvupóstsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd.

Þann 25. september barst aganefnd greinargerð ákærðu með tölvupósti og er greinargerðin dagsett þann sama dag. Gerðu ákærðu þar kröfu um að málinu verði vísað frá og til vara að vægustu viðurlögum verði beitt í samræmi við meginreglur um jafnræði og meðalhóf, sem aganefnd ber að fylgja.

Í greinargerð kærðu kom fram að kæran byggði á því að dómari mótsins virtist hafa gefið sér ákveðnar forsendur sem og túlka aðstæður og atvik með hætti sem styður hans frásögn án þess að gera tilraun til að komast að hinu sanna. Hefði að þeirra mati auðveldlega mátt leysa málið með einföldu samtali á meðan keppni stóð, en því miður hafi engin tilraun verið gerð til að komast að hinu sanna.

Varaðndi ásökun um neyslu áfengis í keppninni kom fram í greinargerð ákærðra að óumdeilt væri að undirritaðir hafi keypt bjór í skála fyrir keppni og að slík háttsemi væri hvorki í ósamræmi við reglur GSÍ né hefði mótsstjórn nokkra lögsögu yfir háttsemi kylfinga fyrir mót. Jafnframt kom fram í greinargerð þeirra að hefð væri fyrir því í sveitarkeppni að liðsmenn fái sér drykk í skála fyrir upphaf móts, hvort sem hann væri áfengur eða

óáfengur til að stilla saman strengi og efla andann áður en keppni hefst. Jafnframt kom það fram hjá þeim að reynsla þeirra beggja væri að algengt sé að kylfingar fái sér eins og einn bjór eða neyti munntóbaks, á meðan leik stendur. Og í framhaldi þessa kemur fram í greinargerðinni að óumdeilt væri að einn bjór hefði verið opnaður á meðan leik stóð eins og mynd sem fylgdi dómaraskýrslu sem send var aganefnd bar með sér. Hins vegar hafna ákærðu því alfarið að hafa haft áfengi um hönd „meira eða minna alla helgina“ eins og fram kom í gögnum þeim sem fylgdu kærinni. Jafnframt hefðu þeir losað sig við dósina eftir bjórinn í þar til gerða ruslatunnu, þannig að þær bjórdósir sem fram kom að næstu holl á eftir þeim hefðu týnt upp á 8. braut væru ekki frá þeim komnar, enda séu tómar dósir algeng sjón, hvar sem spilað er.

Þá kom fram í greinargerð þeirra að „Happy Gilmore“ sveifla sem tekin hefði verið á 1. teig áður en ræsir heimilaði þeim að leika þá hefðu þeir staðið í þeirri trú að kylfingum væri heimilt að leika þegar næstu kylfingar á undan væru komnir úr augsýn og öllum formsatriðum væri fullnægt og væri það í hróplegu ósamræmi við reynslu beggja ákærðra að leikmönnum þurfi að vera boðið að slá. Þá væru engar hömlur á því hvernig menn tækju högg sín heldur færi það eftir mati leikmanna hverju sinni hvernig það væri gert.

Einnig gerðu ákærðu athugasemdir við það að dómari mótsins hefði beðið eftir þeim á 9. braut og hefði ásakað þá um hina ýmsu háttsemi, sem ákærðu töldu að ættu ekki við rök að styðjast. Töldu þeir sig beitta verulegu óréttlæti og hefðu því brugðist eðlilega við því ósáttir.

Á fundi aganefndar um kærana og greinargerð ákærðra var ákveðið að hafa símsamband við þau vitni sem tilnefnd eru í kærinni og ekki liggur fyrir greinargerð frá og kanna afstöðu þeirra til kærinnar og fá nánari staðfestingu á því sem þarna gerðist. Náði nefndin sambandi við Aldísi Hilmarsdóttur, sem var í mótsstjórn og Helga Dan Steinsson, liðsstjóra Golfklúbbs Grindavíkur. Í þeim samtölum kom fram að lýsingin eins og hún væri í kærinni væri mild útgáfa af þeirri framkomu sem ákærðu hefðu sýnt af sér og hefði sú framkoma beinst bæði að öðrum leikmönnum og jafnframt sjálfboðaliðum og starfsmönnum klúbbsins á Sauðárkróki. Einnig

kom fram að leikmenn sem ekki voru í nánasta umhverfi ákærðu á meðan leik stóð urðu ekki fyrir truflunum frá þeim, en þeir hefðu hins vegar orðið vitni að samskiptum ákærða Björns við dómara.

## I. Málavextir.

Í kærinni kemur fram að á meðan fyrri 9 holurnar voru leiknar hafi dómara borist ábending frá Hauki Guðjónssyni, liðsstjóra Golfklúbbs Öndverðarness um óviðeigandi hegðun ákærðu og ákall um að tekið yrði á framkomu þeirra sem ekki væri við hæfi vegna ölvunarástands. Dómari mótsins hefði því spurt ákærðu, sinn í hvoru lagi, þegar þeir gengu að 10. teig hvort rétt væri að þeir væru að drekka áfengi á meðan leikur stæði yfir og að þeir hefðu báðir neitað því. Þeim hafi þá verið gert ljóst að óviðeigandi framkoma væri með öllu ólíðandi

Þá hefði dómari kallað liðsstjóra GBE til sín þegar hann kom í skálann, en hann var tveimur ráshópum á eftir ákærðu og greindi honum frá því að leikmenn hans sýndu hegðun sem væri ekki ásættanleg. Kom fram í samtali þeirra að frávísun væri líkleg niðurstaða m.v. það sem þarna lá fyrir og mun liðsstjórinn sagst styðja slíka ákvörðun yrði hún tekin.

Í framhaldi hefðu frekari upplýsingar borist s.s. að ákærðu hefðu keypt bjór í skála rétt fyrir útræs; „Happy Gilmore“ sveifla hefði verið tekin á fyrsta teig, áður en ræsir hefði boðið þeim að slá; ráshópar á eftir ákærðu hefðu hirt upp tómar bjórdósir m.a. á 8. braut og þá hefðu leikmenn GHG í óformlegum samtölum lýst hringnum sem óskemmtilegri upplifun.

Eftir að ákærðu komu inn í skála að leik loknum hefði annar ákærða (Björn) gefið sig á tal við dómara þar sem hann furðaði sig á áminningunni sem þeir hefðu fengið eftir 9 holur. Voru orð hans sögð af miklu offorsi, virðingnarleysi og með hroka og voru þó nokkrir leikmann annarra liða vitni að þeim samskiptum. Strax í framhaldi af þessu voru báðum ákærðu gefin skýr skilaboð um að þeir fengju báðir frávísun vegna neyslu áfengis og óviðunandi framkomu.

Fáeinum mínútum síðar bar liðsstjóra GBE að og var honum tjáð að ákværðu hefði verið veitt frávísun og að best væri að þeir yfirgæfu svæðið sem fyrst. Sá liðsstjórinn strax til þess að svo yrði. Gerði hann engar

athugasemdir við þessi málalok og það starfsmenn mótsins og leikmenn GHG margfaldlega afsökunar á hegðun sinna leikmanna.

## II. Forsendur og niðurstaða

Í greinargerð ákærðra er gerð krafa um að málinu verði vísað frá aganefnd. Aganefnd tók kærana fyrir þann 12. september s.l. og var þá tekin afstaða til hugsanlegra forgalla á ákæru. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærinni sem gætu valdið frávísun hennar, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ. Í ákvæðunum er tæmandi talning á þeim atriðum sem varðað geta frávísun kæru en þau varða kærufresti, kæru og form kæru. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kærana til efnislegrar meðferðar en ekki er heimild til frávístunar máls að kröfu aðila sem ber fyrir sig efnislegar varnir. Af þeim sökum er kröfu ákærðra um frávísun hafnað.

Í kærinni kemur fram að kæran byggir á brotum á almennum staðarreglum 2025 ásamt móta- og keppendareglum GSÍ. Nánar tiltekið er fundið að framkomu ákærðra á mótinu gagnvart meðkeppendum, starfsmönnum golfklúbbsins og sjálfboðaliðum og meintri ölvun og drykkju ákærðra á meðan mót stóð yfir.

Athygli vekur að greinargerð ákærðra virðist ekki vera alveg í samræmi við afsökunarbeiðni þeirra sem þeir sendu til formanns Golfklúbbs Sauðárkróks og dómara mótsins, en ekki verður af þeirri afsökunarbeiðni annað ráðið en að á þeim tíma hafi ákærðu verið nokkuð sammála þeim ásökunum sem fram koma í kærinni á hendur þeim, enda byggir afsökunarbeiðnin á því. Í greinargerð sinni draga ákærðu hins vegar úr sínum þætti og heimfæra það upp á glens og að þeir hafi verið ósáttir við að vera bornir viðkomandi sökum. Skv. fyrirliggjandi vitnisburði vitna og skv. því sem fram kom í símtali aganefndar við önnur vitni þá er það ljóst að upplifun annarra á mótinu af framkomu þeirra er í samræmi við það sem fram kemur í ákæru.

Í 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ koma fram þær reglur sem gilda um framkomu þeirra sem að golfmótum koma og gildir það fyrir keppendur, starfsmenn klúbba og sjálfboðaliða. Þá vísar þessi grein einnig til siðareglna ÍSÍ, en í þeim er að finna nánari lýsingu á þeim kröfum sem gilda um framkomu viðkomandi aðila. Ekki verður séð að framkoma sú sem tilgreind er í kæru og vitni hafa stutt, bæði skriflega og munnlega í símtali

við aganefnd sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í móta- og keppendareglum GSÍ og siðareglum ÍSÍ.

Í kærinni og í greinargerð ákærðra er sérstaklega vikið að „Happy Gilmore“ aðferð við teighögg, sem gert var án þess að ræsir hefði heimilað ákærðu að leika. Í þessu tilfalli er rétt að taka undir sjónarmið ákærðu að hvernig högg er tekið er algerlega val viðkomandi leikmanns eins lengi og boltinn er sleginn í samræmi við þær kröfur sem golfreglur gera. Í þessu móti var skipaður ræsir og er það hans hlutverk að ræsa leikmenn þegar rástími þeirra er kominn og óhætt er að leika bolta af teig. Ræsir getur því ákveðið að vegna aðstæðna eigi leikur ekki að hefjast á þeim tíma sem tilgreindur er og er almennt litið svo á að ef ræsir hefur ekki boðið leikmanni að leika af teig þá sé rástími hans ekki kominn. Rétt er að benda á að skv. golfreglu 5.3 er vikið að því að rástími sé nákvæmur og það sé sama víti fyrir að hefja leik of snemma og of seint. Hafi því heimild ræsis ekki legið fyrir þegar leikmaður hóf leik á teig, þá er litið svo á að það jafngildir því að leika af teig áður en rástími var kominn. Hins vegar verður ekki séð af kæru né heldur af greinargerð ákærðra að nein víti hafi verið úrskurðuð í þessu sambandi á mótinu og því mun aganefnd ekki taka neina afstöðu til þessa atviks sem slíks.

Þá kemur fram í kærðu að ákærðu hafi verið ölvaðir og því haldið fram að þeir hafi verið að drekka bjór á meðan á leik stóð, enda hafi þeir keypt bjór rétt áður en þeir hófu leik og sett í golfpoka sína, enda hafi svo önnur holl sem léku á eftir þeim fundið tómar dósir á vellinum. Ekki kemur fram í kæru hvort nokkur hafi verið vitni að þessari meintu drykkju þeirra, að öðru leiti en mynd af öðrum þeirra með bjórdós í hendi fylgdi kærinni. Hafa enda kærðu viðurkennt drykkju á þessum eina bjór sem er á þeirri mynd í greinargerð sinni. Í ljósi þess að ekki voru gerðar neinar mælingar á því hvort ákærðu hafi mætt ölvaðir til leiks eða drukkið meira en þennan eina bjór er ekki hægt að slá því föstu að svo hafi verið. Það sem hins vegar er ljóst er að ákærðu drukku a.m.k. þennan eina bjór sem þeir hafa viðurkennt og að upplifun þeirra sem voru í kringum þá var sú að þarna færu menn sem væru drukknir.

Varðandi umfjöllun ákærðu í greinargerð sinni um að bjórdrökkja á meðan á leik standi sé í samræmi við háttsemi sem aðrir kylfingar hafi viðhaft á sambæilegum mótum sem þeir hafi tekið þátt í þarf að líta til þess að golf er

Íþrótt og Gólf samband Íslands tilheyrir Íþróttasambandi Íslands og er almennt viðhorf í íþróttum það að neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttar. Enda kemur þetta viðhorf skýrt og greinilega fram í upphafsorðum Stefnulýsingar um forvarnir og fíkniefni, sem samþykkt var á Íþróttapingi 2. nóvember 1997 og er enn í fullu gildi. Kemur það líka fram í Almennum staðarreglum 2025 um hegðun leikmanna, sem Gólf sambandið setti vegna golfmóta á þeirra vegum á yfirstandandi ári. Í lokakafla þess er neysla vímuefna, sem nær m.a. til áfengis, flokkuð sem mjög alvarlegt brot á þeim staðarreglum og er víti fyrir fyrsta brot frávísun. Það er því kristaltært að ekki á neinum mótum sem haldin eru undir merkjum GSÍ er neysla áfengis og annarra fíkniefna liðin og að þeir sem það brjóta er umsvifalaust vikið úr keppni verði þeir uppvísir að slíku.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi ákærðra hafi verið ámælisverð. Í ljósi þess að gripið hafði verið til þess ráðs að vísa ákærðu úr mótinu vegna framkomu sinnar þykir aganefnd hæfileg viðurlög vera áminning til ákærðu. Ekki þykir ástæða til að skilyrða áminninguna, líkt og heimilt er skv. 12. gr. Reglugerðar um aganefnd GSÍ.

### III. Úrskurður

Ákærðu, Björn Öder Ólason og Guðni Fannar Carrico eru áminntir.

Reykjavík 3. október 2025

  
Ingunn Ólafsdóttir

  
Jónatan Ólafsson

  
Sigurður Geirsson